

Húsasmiðjan ehf.
Kjalarvogi 12
104 Reykjavík

Selfossi, 15. júlí 2025
UOS2505034/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits með plöntuverndarvörum sem fyrirtækið Húsasmiðjan ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Engar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru tiltækar hjá fyrirtækinu þegar eftirlitið fór fram. Málinu telst lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða niðurstöðu eftirlits með plöntuverndarvörum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Húsasmiðjan ehf. upplýsti um að fyrirtækið markaðssetur reglulega plöntuverndarvörur þó svo að engar slíkar hafi verið tiltækar þegar eftirlitið fór fram. Niðurstaða eftirlitsins staðfestir ekki að plöntuverndarvörur sem fyrirtækið markaðssetur standist kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttir, varðandi plöntuverndarvörur í síma 569 6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Bergdís Björk Bæringsdóttir

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla